

# Íþróttabandalag Hafnarfjarðar

13. fundur stjórnar starfstímabilið 2013-2015

Haldinn 28. nóvember í Íþróttahúsinu við Strandgötu á skrifstofu íþróttafulltrúa.

**Mættir:** Elísabet Ólafsdóttir framkv.stj., Hrafnkell Marinósson formaður, Atli Már Sigurðsson (DÍH), Ragnar Hilmarsson (Þytur), Magnús Gunnarsson (Haukar), Þórarinn Sófussón (GSE), Stefán Kristófersson (Fjörður), Bergsteinn Hjörleifsson (Keilir), Kristín Pétursdóttir (SH), Gunnar Bjarnason (AÍH), Ingólfur Arnarson (KK), Ásdís Rósa Gunnarsdóttir (HFH) og Þórunn Ansnes (Sörli). Forföll: Arnar Geirsson (Bjartur), Sævar Már Gústafsson (ÍH), Ingvar Kristinsson (Björk), Sigurjón Andersen (KK), Ólafur Tryggvi Gíslason (HFH), Viðar Halldórsson (FH), Anders Már Þráinsson (SÍH) og Erla Björg Hafsteinsdóttir (BH).

## 1. Ferðasjóður íþróttafélaga hjá ÍSÍ

Aðildarfélögin minnt á umsóknargátt ferðasjóðarins sem er á heimasíðu ÍSÍ. Hún hefur verið opnuð í desember ár hvert og verið lokað eftir u.þ.b. mánuð eða 10. janúar á nýju ári. ÍSÍ skilgreinir með hverju sérsambandi hvaða ferðir innanlands eru styrkhæfar. Hvert félag verður að fara inn í gáttina og kanna hvaða ferðir það getur sótt um ferðastyrk fyrir.

## 2. Fundur íþróttahéraða haldinn hjá ÍSÍ 14. nóv sl.

Framkvæmdastjóri ÍBH sótti fundinn. Á fundinum var rætt um tillögu að breyttu skipulagi íþróttamála á Íslandi. Smáþjóðaleikana 2015 og auglýst eftir a.m.k. 1200 sjálfbodaliðum fyrir leikana. Samráðsnefnd íþróttahéraða og vinnu hennar frá síðasta ÍSÍ þingi og áhuga á því að stofna starfsmannafélag framkvæmdastjóra / starfsmanna hjá sérsamböndum ÍSÍ og íþróttahéruðum sem yrði m.a. samráðsvettvangur þessara starfsmanna.

## 3. Formannafundur ÍSÍ haldinn 14. nóv sl.

Formaður ÍBH sótti fundinn sem var með hefðbundnum hætti og undanfarin ár. Farið yfir ársskýrslu ÍSÍ, fjármál, viðburði framundan og fjöldatölur úr íþróttahreyfingunni.

## 4. ÍBH, Rio Tinto Alcan og Hafnarfjarðarbær, styrktarsjóður fyrir 16 ára og yngri umsóknir og úthlutanir

Skrifstofa ÍBH hefur óskað eftir umsóknum frá aðildarfélagunum skilafrestur umsókna var 26. nóvember sl. Styrkurinn er 7,2 milljónir og skiptist milli aðildarfélaganna út frá þjálfaramenntun og námskrám. Styrkirnir verða afhendir á Íþrótt- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar 30. desember nk. og verður fulltrúi frá hverju félagi sem sótti um að mæta og veita styrknum viðtöku.

## 5. Íþrótt- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar 30. desember nk.

Skrifstofa ÍBH hefur ritað öllum aðildarfélögum bréf og óskað eftir upplýsingum um Íslandsmeistara, bikarmeistara, Norðurlandameistara o.fl., tilnefningu á liði Hafnarfjarðar og afreksmönnum. Skilafrestur upplýsinga var 26. nóvember sl. Íþróttamennirnir verða heiðraðir 30. desember nk með athöfn í Íþróttahúsinu við Strandgötu sem hefst kl. 18.00. Mikilvægt er að aðildarfélögin komi upplýsingum um hátíðina til íþróttamannanna og sjái til þess að þeir mæti stundvíslega í sínum félagsgöllum.

## 6. Afreksmannasjóður ÍBH óskað eftir umsóknum um afreksstyrki fyrir árið 2014

Stjórn Afreksmannasjóðs ÍBH hefur ritað öllum aðildarfélögum bréf og óskað eftir umsóknum frá félagunum um afreksstyrki vegna þátttöku á Evrópumóti, heimsmeistaramóti og Ólympíuleikum í karla- og kvennaflokki. Skilafrestur umsókna er 12. desember nk. Styrkirnir verða veittir við athöfn í janúar í byrjun næsta árs.

## **7. Heimsókn nefndar á vegum ÍSÍ um íþróttir 60 ára og eldri til Félags eldri borgara í Hafnarfirði**

Var fimmtudaginn 6. nóvember sl. Nefndin heldur fræðslufundi einu sinni til tvisvar sinnum á ári í samstarfi við Félag eldri borgara víðs vegar um landið. Þau aðildarfélög sem bjóða upp á starf fyrir eldri borgara eru beðin um að vera í sambandi við Félag eldri borgara í Hafnarfirði og halda þeim upplýstum um framboð á íþróttum og hreyfingu. Vakin er athygli á að Hafnarfjarðarbær niðurgreiðir íþróttastarf eldri borgara.

## **8. Fræðslubæklingur ÍSÍ. Íþróttir foreldrar og börn**

Vakin er athygli aðildarfélaga á þessum bæklingi sem inniheldur góðar leiðbeiningar fyrir foreldra barna í íþróttum. Bæklinginn ásamt öðrum fræðslubæklingum ÍSÍ er hægt að nálgast rafrænt á heimasíðu ÍSÍ undir fræðslu.

## **9. Fagmenntaðir þjálfarar**

Aðildarfélögin eru hvött til að huga að fagmenntun þjálfara sinna og hvetja þá til að sækja námskeið til að bæta og efla fagmenntun sína. Við ráðningu þjálfara eru félögin hvött til að fá afrit af prófskírteinum varðandi fagmenntun í íþróttum. Íþróttabandalag Hafnarfjarðar óskar eftir þeim upplýsingum frá félögunum þegar félögin sækja um íþróttastyrk fyrir 16 ára og yngri í vetrarúthlutun samningsins milli ÍBH, Rio Tinto Alcan og Hafnarfjarðarbæjar.

## **10. Vinabæjarsamskipti við Cuxhaven 2016 ATS Cuxhaven**

Handknattleiksdeild FH tekur á móti handknattleikshóp frá Cuxhaven 20. – 27. október 2015 sem samanstendur af stúlkum á aldrinum 12 – 14 ára og drengjum á aldrinum 14 – 16 ára samtals u.þ.b. 25 leikmenn. Íþróttafélagið ATS Cuxhaven hefur áhuga á því að koma með íþróttafólk til Hafnarfjarðar 2016 og er verið að kanna hvaða íþróttagreinar það verða. Nefndar hafa verið íþróttagreinar s.s. sund, frjálsar íþróttir og skotíþróttir. ATS Cuxhaven er stærsta íþróttafélagið í Cuxhaven með u.þ.b. 1400 iðkendur.

## **11. Golfklúbburinn Setberg 20 ára afmæli 27. nóv sl.**

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar óskar félaginu til hamingju með daginn. Félagið stefnir að því að halda afmælishátíð í sumar.

## **12. Ritun sögu ÍBH**

Föstudaginn 21. nóvember sl. gerði Íþróttabandalag Hafnarfjarðar samning við Jóhann Guðna Reynisson um söguritun ÍBH í tímaröð frá upphafi til 70 ára afmælis bandalagsins sem verður 28. apríl 2015. Áætlað er að hefja verkefnið í janúar og ljúka því í síðasta lagi í byrjun október 2015. Sagan verður lesin inn á myndefni og birt rafræn.

## **13. Tímaritið Íþróttir í Hafnarfirði**

Íþróttabandlagið ritaði Íþrótt- og tómstundanefnd Hafnarfjarðarbæjar bréf þann 20. nóvember sl. og óskaði eftir samvinnu við Íþrótt- og tómstundanefnd við uppfærslu og endurútgáfu tímaritsins. Þriðja útgáfa ritsins var uppfærð árið 2007 en síðan þá hefur margt breyst, ný íþróttamannvirki risið og ný íþróttafélög verið stofnuð. Ef af uppfærslu verður þá verður hún rafræn og birt á heimasíðu ÍBH og Hafnarfjarðarbæjar.

## **14. ÍSÍ bikar**

Félögin kynntu umsóknir. Bikarinn verður afhendur á Íþrótt- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar 30. desember nk.

### **15. Gögn sem ÍBH hefur borist:**

- a). Bréf frá ÍSÍ um hádegisfund um skipulag íþróttamála – getur íþróttahreyfingin gert betur? Kynning Kjartans Freys Ásmundssonar á meistararitgerð í stjórnun og stefnumótun við viðskiptadeild HÍ.
- b). Bréf frá ÍSÍ um alþjóða lyfjareglurnar og lög ÍSÍ um lyfjamál, kynning á breytingum sem taka gildi 1. janúar nk.

### **16. Önnur mál**

- a). Fyrirtækið Capacent hefur unnið að stefnumótun ÍBH á þessu ári. Vinnunni verður framhaldið í janúar 2015.
- b). Stjórn ÍBH barst bréf frá foreldri barns í handknattleik hjá Haukum þar sem lýst er yfir óánægju með mismun á æfingatímum barna í handknattleik hjá FH annars vegar og Haukum hins vegar. Bréfinu var vísað til framkvæmdastjórnar ÍBH.

Fleira ekki gert.

Fundur hófst kl. 18.15 og lauk kl. 19.30.

Fundarritari Elísabet Ólafsdóttir.